

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Helgúvík



<b>Dags eftirlits</b>	21.2.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alur	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Borgartúni 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5903982099	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	27.42 Álvinnsla
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Adamsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en tvær athugasemdir voru gerðar við starfsemina. Eldra frávik varðandi ráðstöfun gjallsands er í eftirfylgni.

Rekstraraðili hefur eigið umhverfisstjórnunarkerfi sem fjallar meðal annars um innra eftirlit verksmiðjunnar. Haldið er utanum skráningar skv grein 3.2 í starfsleyfi í rafrænu skráningarkerfi og rekstrarhandbók. Engin mengunaróhöpp eða bilanir á mengunarvarnaránaði hafa orðið frá síðasta eftirliti. Kerbrot úr ofnfóðringum eru geymd í körum fyrir utan verksmiðjuna og er rekstraraðili í samningsferli við móttökuaðila fyrir þau. Nokkur steypumót og stálkör eru sömuleiðis á lóðinni sem verið er að meta hvort hægt sé að endurnýta í verksmiðjunni.

Niðurstöður umhverfisvöktunarmælinga í jarðvegi og sjó voru kynntar á samráðsfundi sem var haldinn 12. desember 2013. Áætlað er að hljóðmælingar verði gerðar á þessu ári (2014).

Snyrtilegt var um að lífast í verksmiðjunni og umgengni til fyrirmyndar.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir innra eftirlit og skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi, eftirfylgni frávíka varðandi ráðstöfun gjallsands, vöktunaráætlun og þörf á aðgangstýringu/viðvörunarmerkingum við skolgryfju. Að loknum fundi var gengið um verksmiðjuna og lóðina að baka til þar sem að gjallsandur er geymdur á meðan hann kólnar auk annars úrgangs frá verksmiðjunni. Engin framleiðsla var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Rætt var um gagnaskil og skilafresti.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

#### ATHUGASEMDIR

Ein kvörtun barst UST um aðila sem var á göngu um höfnina og var ókunnugt um skolgryfjuna og hvað í henni var. Rætt var um úrbætur t.d. að bæta viðvörunarmerkingar við skolgryfjuna.

Kerbrot úr ofnfóðringum eru geymd í körum fyrir utan verksmiðjuna og er unnið að því að finna endurvinnsluáðila fyrir þau. Ganga þarf úr skugga um hvort um spilliefni sé að ræða og koma efninu í viðeigandi endurvinnsluferil eða förgun.

#### ANNAÐ

Rætt var um ráðstöfun gjallsands en meðhöndlun hans hefur ekki verið fullnægjandi að mati stofnunarinnar til að teljast sem óvirkur úrgangur. Gjallsandi er nú safnað upp í haug ofan við skolgryfju í Helgúvík. Eldri birgðum af gjallsandi var komið fyrir undir sjávarmáli í Selvík en ekki hefur verið gengið fyllilega úr skugga um að staðið hafi verið að flutningi þess gjallsands sem skyldi. Stofnunin gerir kröfur um að meðhöndlun sé bætt eða gjallsandur fjarlægður úr Helgúvík og að komið sé á viðbótarvöktun í Selvík. Stofnuninni barst svar við kröfum um úrbætur í bréfi þann 5. febrúar sl. Þessum atriðum verður áfram fylgt eftir í eftirfylgnimálinu.

Reykjavík, 07.03.2014

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.